

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fjármagnstekjur umfram atvinnutekjur.

Frá Guðrúnu Hafsteinsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar höfðu fjármagnstekjur umfram launatekjur og reiknað endurgjald á árunum 2013–2021 flokkað eftir eftirfarandi fjárhæðum samanlagðra launatekna og reiknaðs endurgjalds:
 - a. engar launatekjur eða reiknað endurgjald,
 - b. 1–99.999 kr. á mánuði,
 - c. 100.000–499.999 kr. á mánuði,
 - d. 500.000–999.999 kr. á mánuði,
 - e. 1.000.000–2.499.999 kr. á mánuði,
 - f. 2.500.000 kr. eða meira á mánuði?
2. Hverjar voru upphæðir fjármagnstekna, greidds fjármagnstekjuskatts, launatekna eða reiknaðs endurgjalds og greidds tekjuskatts í sömu flokkum á árunum 2013–2021?

Skriflegt svar óskast.